



**Ársskýrsla  
Heilsugæslunnar í Reykjavík  
fyrir árið 2000**

## Efnisyfirlit

<i>Formáli forstjóra</i>	3
<i>Stjórnskipulag Heilsugæslunnar í Reykjavík</i>	4
<i>Stjórnsýsla</i>	5
Skrifstofusvið	5
Starfsmannasvið	5
Rekstrarsvið	6
Upplýsingatæknisvið	6
<i>Heilsuverndarstöð Reykjavíkur</i>	7
Skrifstofa hjúkrunarforstjóra	8
Miðstöð heilsuverndar barna	9
Miðstöð mæðraverndar	11
Skólatannlækningar	13
Lungna- og berklavarnadeild	14
Deild atvinnusjúkdóma og ónæmisvarna	15
Heilsugæsla í skólum	16
Rannsóknarstofa	17
<i>Rekstraryfirlit Heilsuverndarstöðvar og stjórnsýslu</i>	18
<i>Heilsugæslustöðin í Árbæ</i>	19
<i>Heilsugæslustöðin í Efra-Breiðholti</i>	21
<i>Heilsugæslustöðin Efstaleiti</i>	23
<i>Heilsugæslustöðin í Grafarvogi</i>	25
<i>Heilsugæslustöð Hlíðasvæðis</i>	27
<i>Heilsugæslustöð Miðbæjar</i>	29
<i>Heilsugæslustöðin í Mjódd</i>	31
<i>Heilsugæslan Kópavogi</i>	33
<i>Heilsugæslustöð Mosfellsumdæmis</i>	35
<i>Heilsugæslustöðin á Seltjarnarnesi</i>	37
<i>Heilsugæslan Lágmúla</i>	39

Formáli forstjóra

Árið var um margt viðburðaríkt hjá Heilsugæslunni í Reykjavík. Í apríl tókst samkomulag við Heilsugæsluna í Kópavogi um sameiginlega stjórnslu, en í fyrra var samskonar samstarf tekið upp við heilsugæslustöðvarnar á Seltjarnarnesi og í Mosfellsbæ. Þetta samstarf, hvort sem það leiðir til fullrar sameiningar eða ekki, eflir heilsugæsluna á svæðinu og gerir okkur sterkari sem fyrirtæki eða stofnun í heilbrigðiskerfinu.

Mikilvægum áföngum í uppbyggingunni var náð á árinu 2000. Bygging nýs húss fyrir Heilsugæslustöð Grafarvogs hófst en mjög er aðþrengt að að starfsemi stöðvarinnar í núverandi húsnæði. Fest voru kaup á húsinu í Drápuhlíð fyrir Heilsugæslustöð Hlíðasvæðis og húsnæði hennar þar með nánast tvöfaldað. Lagfæringum á húsnæðinu er ekki lokið.

Á árinu hófst umfangsmikil stefnumótunarvinna sem er samstarfsverkefni Heilsugæslunnar í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ, Kópavogi og Garðabæ. Á vormánuðum var samið við ráðgjafafyrirtækið Deloitte & Touche um umsjón með stefnumótunarferlinu og Háskólann í Reykjavík um stjórnendapjálfun.

Verkefninu var ýtt úr vör á haustdögum árið 2000 með hópelfingarnámskeiði fyrir millistjórnendur sem haldið var eina helgi í Selvík.

Þann 10. október var svo haldinn kynningarfundur í Borgarleikhúsinu fyrir alla starfsmenn Heilsugæslunnar í Reykjavík þar sem verkefnið var formlega sett. Fundargestir voru ánægðir með fundinn og líta björtum augum á verkefnið. Miklar vonir eru bundnar við stefnumótunina en niðurstöðurnar munu liggja fyrir á næsta ári.

Guðmundur Einarsson forstjóri

Stjórnskipulag Heilsugæslunnar í Reykjavík

## **Stjórn Heilsugæslunnar í Reykjavík (skipuð frá 1. júlí 1998 til fjögurra ára)**

Valdimar K. Jónsson, formaður (skipaður af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, án tilnefningar)

Kolbeinn Ó. Proppé (tilnefndur af meirihluta Borgarstjórnar Reykjavíkur)

Pórarinn Einarsson (tilnefndur af meirihluta Borgarstjórnar Reykjavíkur)

Ólafur F. Magnússon (tilnefndur af minnihluta Borgarstjórnar Reykjavíkur)

Sigurbjörn Sveinsson (tilnefndur af starfsmönnum)

## **Framkvæmdastjórn Heilsugæslunnar í Reykjavík**

Guðmundur Einarsson, forstjóri

Helgi S. Guðmundsson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs

Jóna Lára Pétursdóttir, framkvæmdastjóri skrifstofusviðs

Grétar Guðmundsson, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs

Pórunn Ólafsdóttir, hjúkrunarforstjóri Heilsugæslunnar

Fundi stjórnar Heilsugæslunnar í Reykjavík sitja auk stjórnarmanna, framkvæmdastjórn og áheyrnarfulltrúar yfirlækna og hjúkrunarforstjóra heilsugæslustöðva.

## **Skipulag**

Heilsugæslan í Reykjavík nær yfir 7 heilsugæslustöðvar, í Árbæ, Grafarvogi, Efra-Breiðholti, Mjódd, Efstaleiti, Hlíðasvæði og Miðbæ og Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. Ennfremur sér Heilsugæslan í Reykjavík um rekstur Heilsugæslustöðvar Mosfellsumdæmis, Heilsugæslustöðvarinnar á Seltjarnarnesi og Heilsugæslustöðvanna í Kópavogi. Heilsugæslan í Lágmúla 4, sem er einkarekin, er starfrækt samkvæmt sérstökum samningi við Heilsugæsluna í Reykjavík.

Heilsugæslan í Reykjavík starfar samkvæmt Lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 með síðari breytingum.

## Stjórnsýsla

Stjórnsýslan skiptist í rekstrarsvið, starfsmannasvið, skrifstofusvið og upplýsingatæknisvið. Innan stjórnsýslunnar starfar einnig hjúkrunarforstjóri. Stjórnsýsla Heilsugæslunnar í Reykjavík er til húsa í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, Barónsstíg 47, 101 Reykjavík.

### **Skrifstofusvið**

**Framkvæmdastjóri skrifstofusviðs:** Jóna Lára Pétursdóttir.

**Um sviðið:** Meginverkefni skrifstofusviðs eru bókhald, fjársýsla, rekstraráætlanir og uppgjör. Einnig almennt skrifstofuhald stjórnsýslunnar, skjalavarsla og símavarsla á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, greiðslur til skólatannlækna og innheimta skólatannlækninga. Ennfremur heyra mötuneyti Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og bókasafn Heilsugæslunnar í Reykjavík undir skrifstofusvið.

**Helstu tíðindi árið 2000:** Í kjölfar þess að framkvæmdastjórn Heilsugæslunnar í Kópavogi fluttist til Heilsugæslunnar í Reykjavík, tók framkvæmdastjóri Heilsugæslunnar í Kópavogi, Birna Bjarnadóttir til starfa sem verkefnastjóri. Einnig var starfsmaður í bókhaldi Heilsugæslunnar í Kópavogi ráðinn til bókhaldsstarfa, sérstaklega fyrir heilsugæslustöðvarnar í Kópavogi, Seltjarnarnesi og Mosfellsumdæmi.

Helstu verkefni verkefnastjóra eru gerð rekstraráætlana fyrir öll fjárlaganúmer sem heyra undir framkvæmdastjórn Heilsugæslunnar, undirbúningur fjárlagatillagna Heilsugæslunnar til stjórnvalda, gerð verkefnavísa í samræmi við forsendur stjórnvalda, uppfærsla og ábyrgð á skráningu í eignaskrár stofnana, sem og tölvubúnaður á rekstrarleigu, ráðgjöf og upplýsingaöflun við meiri háttar innkaup tækja og búnaðar.

### **Starfsmannasvið**

**Framkvæmdastjóri starfsmannasviðs:** Grétar Guðmundsson.

**Um sviðið:** Meginhlutverk starfsmannasviðs Heilsugæslunnar er afgreiðsla launa og skipulagning starfsmannamála. Helstu verkefni eru launaafgreiðslur, ráðningar, ráðgjöf til starfsmanna, túlkun kjarasamninga, gerð stofnana-samninga og samskipti við stéttarfélag.

**Helstu tíðindi árið 2000:**

Með bréfi fjármálaráðuneytisins, 12. október 1999, tók Heilsugæslan alfarið við ráðningar og launamálum starfsmanna sinna ásamt því að bera ábyrgð á samskiptum við stéttarfélag við gerð stofnana-samninga og fundum samstarfsnefnda.

Í byrjun júní 2000 var ráðin viðskiptafræðingur til starfa innan sviðsins. Tilgangur ráðningarinnar var að víkka út þá þekkingu sem fyrir var. Meiri áhersla var nú lögð á eflingu þeirrar þekkingar og færni sem finna má meðal starfsmanna Heilsugæslunnar.

Á haustmánuðum hófst 60 stunda námskeið, "Þekking, þjálfun, þjónusta I" fyrir starfsmenn innan SFR. Námskeiðinu lauk vorið 2001. Einnig hófst um

haustið stjórnendanámskeið fyrir framkvæmdastjórn og millistjórnendur Heilsugæslunnar sem var skipulagt af starfsmannasviði í samvinnu við Háskólann í Reykjavík. Námskeiðið stóð yfir veturinn 2000-2001. Fréttablað Heilsugæslunnar “Leiðarljós” var fyrst gefið út á árinu. Frá haustmánuðum fór stór hluti af einu stöðugildi starfsmannasviðsins í stefnumótunarvinnu Heilsugæslunnar “ Heilsugæsla til framtíðar”.

## **Rekstrarsvið**

**Framkvæmdastjóri rekstrarsviðs:** Helgi S. Guðmundsson

**Um sviðið:** Meginverkefni rekstrarsviðs eru innkaup á tækjum, búnaði og öðrum rekstrarvörum, útboð verkþátta og meiri háttar innkaupa, auglýsinga- og markaðsmál, byggingamál, póst- og boðsendingar stofnana, viðhald og ræsting eigna og eignaumsýsla.

**Helstu tíðindi árið 2000:** Á árinu hófst undirbúningur að flutningi Heilsugæslustöðvarinnar í Grafarvogi í nýtt húsnæði í Spönginni 35. Verkefnastjóra stjórnarsýslunnar var falið að undirbúa þarfagreiningu fyrir nýjan búnað og starfa með fulltrúum Framkvæmdasýslu ríkisins og Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins fyrir hönd Heilsugæslunnar.

Umsjónarmenn fasteigna og aðrir starfsmenn rekstrarsviðs unnu að undirbúningi flutnings og standsetningu húsnæðisins og ýmsum lagfæringum í Spönginni sem leigt var með langtímasamningi af eignarhaldsfélagi.

Ný símsstöð var sett upp á Heilsuverndarstöðinni og fimm heilsugæslustöðvum.

## **Upplýsingatæknisvið**

**Forstöðumaður upplýsingatæknisviðs:** Georg Karonina

**Um sviðið:** Upplýsingatæknisvið annast innkaup, uppsetningu og viðhald vél- og hugbúnaðar á neti Heilsugæslunnar í Reykjavík og hefur umsjón með gagnagrunnum. Sviðið annast tölvukennslu og þjónustu við starfsmenn og þróar upplýsingatækni Heilsugæslunnar í takt við þarfir notenda og tækniþróun.

**Helstu tíðindi árið 2000:** Vélbúnaður var mikið endurnýjaður og öryggismál yfirfarin. Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi var tengd tölvukerfi Heilsugæslunnar í Reykjavík. Námskeið voru haldin fyrir kerfisumsjónarmenn og staðgengla þeirra, sem starfa á starfsstöðvum Heilsugæslunnar.

## **Ársverk 2000**

Stjórnarsýsla.....	25.85
Bókasafn .....	1.09
Mötuneyti.....	2.14
Almennur rekstur .....	3.55
Námsstöður lækna.....	4.00
<b>Ársverk alls.....</b>	<b>36.54</b>

## **Heilsuverndarstöð Reykjavíkur**

**Á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur er fjölbreytt starfsemi á vegum Heilsugæslunnar. Þar eru eftirtaldar miðstöðvar og deildir, auk stjórnáslu Heilsugæslunnar.**

Skrifstofa hjúkrunarforstjóra  
Miðstöð heilsuverndar barna  
Miðstöð mæðraverndar  
Skólatannlækningar  
Lungna- og berklavarnadeild  
Deild atvinnusjúkdóma og ónæmisvarna  
Heilsugæsla í skólum  
Rannsóknarstofa

**Til húsa á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur eru einnig eftirtaldir aðilar sem eru ekki innan Heilsugæslunnar:**

Árvekni, átaksverkefni um slysavarnir barna og unglunga  
Áfengis- og vímuvarnaráð  
Ísland án eiturlyfja  
Fjölskyldumiðstöðin  
Manneldisráð Íslands  
Trúnaðarlæknir Reykjavíkurborgar, Helgi Guðbergsson

## **Skrifstofa hjúkrunarforstjóra**

### **Um skrifstofuna**

**Hjúkrunarforstjóri Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur:** Bergljót Líndal  
**Starfsemi:** Á skrifstofu hjúkrunarforstjóra er miðstöð heilsufarskorta úr grunnskólum og bólusetningakorta eftir 6 ára aldur. Ennfremur dreifingarmiðstöð fæðingartilkyninga í Reykjavík.

Á vegum hjúkrunarforstjóra störfuðu: Hjúkrunarframkvæmdastjórar Miðstöðvar heilsuverndar barna og Miðstöðvar mæðraverndar, deildarstjórar Heilsugæslu í skólum, Lungna- og berklavarnardeildar og Atvinnusjúkdómadeildar og fulltrúi á Skrifstofu hjúkrunarforstjóra.

### **Helstu tíðindi 2000**

Í september hætti deildarstjóri Atvinnusjúkdómadeildar og verður ekki ráðinn hjúkrunarfræðingur við deildina. Staða deildarstjóra á Lungna- og berklavarnardeild var lögð niður um áramót 2000/2001, a.m.k. til reynslu í sex mánuði.

### **Ársverk 2000**

Hjúkrunarfræðingar.....	1.00
Fulltrúar.....	1.00
<b>Ársverk alls.....</b>	<b>2.00</b>



## **Miðstöð heilsuverndar barna**

### **Um deildina**

**Yfirlæknir:** Katrín Davíðsdóttir (settur yfirlæknir) til 31/3, Geir Gunnlaugsson frá 1/4.

**Hjúkrunarframkvæmdastjóri:** Sesselja Guðmundsdóttir til 31/8, Hallveig Finnbogadóttir frá 1/9.

**Um starfsemina:** Starfsemin skiptist í tvo hluta, þ.e. hefðbundna ung- og smábarnavernd með viðeigandi fræðslu og starfsemi greiningarteymis sem vinnur með börn þegar grunur vaknar um þroskafrávik.

**Þjónustusvæði:** Árið 2000 bar miðstöðin ábyrgð á þjónustu ung- og smábarnaverndar fyrir fjölskyldur á eftirfarandi svæðum:

- Voga- og Heimahverfi, þar sem heilsugæslustöð hefur ekki tekið til starfa
- Svæði heilsugæslustöðvar Miðbæjar, svæði heilsugæslustöðvar Hlíðasvæðis norðan Miklubrautar og svæði heilsugæslustöðvarinnar Efstaleiti fyrir fjölskyldur sem hafa ekki heimilislækni á þessum heilsugæslustöðvum.

**Sviðstjóri greiningarteymis:** Gyða Haraldsdóttir

**Um starfsemina:** Þverfaglegur hópur barnalækna, sálfræðinga, iðjuþjálfara, sjúkraþjálfara og með mismunandi bakgrunn sinnir frumgreiningu þroskafrávik hjá 0-6 ára börnum sem vísað er til teymisins af fagaðilum.

**Þjónustusvæði:** Einkum heilsugæslustöðvar í Reykjavík og nágrenni.

### **Helstu tíðindi 2000**

Árið 2000 var fyrsta heila starfsár barnadeildar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur undir nýju nafni sem Miðstöð heilsuverndar barna og hefur stefnumótun starfseminnar verið mjög í brennidepli.

Hjúkrunarfræðingar Miðstöðvar heilsuverndar barna héldu vikulega s.k. *Opin hús* fyrir foreldra í Hallgrímskirkju og Langholtskirkju, aðra hverja viku á hvorum stað. Hafa þeir haft framsögu um fræðsluefni sem snertir ung- og smábörn og fjölskyldur þeirra, s.s. líðan mæðra eftir barnsburð, brjóstagjöf og næringu, svefn, aga og ástríka leiðsögn, örvun málþroska, slysavarnir, og tannvernd.

Haustráðstefna Miðstöðvar heilsuverndar barna var haldin 17. nóvember undir heitinu *Skimun í ung- og smábarnavernd*. Ráðstefnan var haldin á Grand Hótel Reykjavík og sóttu hana um 160 manns frá öllu landinu.

Geir Gunnlaugsson og Hallveig Finnbogadóttir framkvæmdu könnun á nokkrum heilsugæslustöðvum á Stór-Reykjavíkursvæðinu á framkvæmd EFL-málþroskaskimun við 3½ árs aldur. Niðurstöður voru kynntar á haustráðstefnunni og bent á nokkur atriði sem betur mega fara við framkvæmd skimunarinnar, sérstaklega hvað varðar aldurs barns við skoðun.

Hjúkrunarfræðingar Miðstöðvarinnar hafa verið virkir þátttakendur í hinum s.k. FÚS-hópi hjúkrunarfræðinga innan Heilsugæslunnar í Reykjavík. Á fundum hósins er útgáfa fræðsluefnis sem snertir ung- og smábörn og fjölskyldur þeirra til umræðu og endurskoðunar. Í samvinnu við FÚS-hópinn gaf Miðstöð heilsuverndar barna út tvo nýja fræðslubæklinga á árinu: *Óvæð barna: grátur og ungbarnakveisa* og *Að fanga höfuðlúsina*. Tveir bæklingar voru endurskoðaðir og útgefnir á árinu, þ.e. *Pelagjöf* og *Kynlíf eftir fæðingu*.

Katrín Davíðsdóttir og Hjördís Guðbjörnsdóttir tóku þátt í útgáfu á nýjum bæklingi landlæknisembættisins *Upplýsingar um bólusetningar barna fyrir foreldra og aðstandendur*, sem kom út á árinu.

Jóna Margrét Jónsdóttir hefur á árinu tekið þátt í starfi *Samstarfshóps um svefn og svefnvandamál hjá ung- og smábörnum* (s.k. SUSS-hópur).

Katrín Davíðsdóttir og Elva Möller hafa tekið þátt í starfi *Árvekni, átaks um slysavarnir* og undirbúið á vegum þess könnun á þekkingu heilbrigðisstarfsfólks í heilsugæslu um slysavarnir og um fræðslufni tengdu því.

Hjúkrunarfræðingarnir Sigríður Jóhannesdóttir og Þórunn Júlísdóttir hafa á árinu tekið þátt í starfi hóps hjúkrunarfræðinga í heilsugæslunni um málefni nýbúa í ung- og smábarnavernd.

Geir Gunnlaugsson, Hallveig Finnbogadóttir (staðgengill Hjördísar Guðbjörnsdóttur) og Gyða Haraldsdóttir voru á árinu skipuð af landlækni í fagráð embættisins um ung- og smábarnavernd. Geir er formaður fagráðsins.

## Skráð samskipti 2000

### Ung- og smábarnavernd

Fæðingartilkygningar .....	381
Vitjanir í ungbarnavernd .....	1.681
Komur í ungbarnavernd .....	3.387

### Greiningarteymi

Tilvísanir .....	241
Fjöldi skoðanna .....	621
Mál sem fengu fullnaðarafgreiðslu .....	223

## Ársverk 2000

Læknar .....	4.53
Hjúkrunarfræðingar.....	6.31
Sjúkraþjálfarar.....	0.60
Iðjuþjálfar.....	0.89
Sálfræðingar.....	2.00
Félagsráðgjafar.....	0.33
Heilsugæslu- og móttökuritarar .....	2.28
Ræstitæknar.....	0.34
<b>Ársverk alls.....</b>	<b>17.29</b>

## **Miðstöð mæðraverndar**

### **Um deildina**

**Yfirlæknir:** Arnar Hauksson

**Yfirljósmóðir:** Sigríður Sía Jónsdóttir

**Þjónustusvæði:** Miðstöðin er hluti af starfsemi Heilsugæslunnar en stefnt er að því að miðstöðin starfi á landsvísu.

**Starfsemi:** Á Miðstöð mæðraverndar starfa saman ljósmæður og læknar sem eru sérfræðingar í kvensjúkdómum og fæðingarfræði. Miðstöðin veitir öllum barnshafandi konum sem þess óska mæðravernd á meðgöngu.

**Markmið Heilsugæslu Reykjavíkur um mæðravernd:** Mæðravernd án áhættuþátta skal í vaxandi mæli sinnt á öllum heilsugæslustöðvum og Miðstöð mæðraverndar skal styðja það markmið.

**Markmið Miðstöðvar mæðraverndar:**

**Meginmarkmið:**

Markmiðið er að styrkja barnshafandi konur og fjölskyldur þeirra með fræðslu og stuðningi, að stuðla að farsælli meðgöngu og fæðingu og sem bestri aðlögun að nýjum aðstæðum vegna fæðingar barns.

**Markmið með starfsemi Miðstöðvar mæðraverndar:**

- Miðstöð mæðravernd skal í samvinnu við skjólstæðinga, veita sem besta mæðravernd, með ánægju og velferð skjólstæðinganna að leiðarljósi.
- Miðstöð mæðraverndar skal veita sérhæfða og almenna þjónustu til kvenna á meðgöngu.
- Miðstöð mæðraverndar skal vera leiðandi í faglegri þjónustu varðandi áhættumeðgöngu og skal skipulögð sem sérhæfð þjónustumiðstöð fyrir allt landið.
- Miðstöð mæðraverndar skal veita sérfræðiráðgjöf ljósmæðra og fæðingarlækna til heilsugæslustöðva og skal vinna í nánun samstarfi við heilsugæslustöðvar á öllu landinu.
- Miðstöð mæðraverndar skal vera vettvangur fyrir kennslu, símenntun og rannsóknir á sviði mæðraverndar á Íslandi

## Helstu tíðindi 2000

Miðstöð mæðraverndar varð til við samruna Göngudeildar Kvinnadeildar Landspítala Háskólasjúkrahúss og Mæðradeildar Heiluverndarstöðvarinnar 1. okt. 1999 Samningur um Miðstöðina var undirritaður 29. júní 1999. Sigríður Sía Jónsdóttir var ráðin yfirljósmóðir frá 1 janúar 2000.

Starfsemi miðstöðvarinnar er tvískipt. Hluti starfseminnar fer fram í húsnæði Göngudeildar Kvinnadeildar Landspítalans. Þar starfa 10 ljósmæður í 5.6 stöðugildum, tveir heilsugæsluritar í 1,5 stöðugildi og tveir starfsmenn í fullri stöðu meinatæknis auk sérfræðilækna af LSH í 0.9 stöðugildum. Hinn hluti starfseminnar eru í húsnæði Heiluverndarstöðvarinnar. Þar starfa 7 ljósmæður í 5,8 stöðugildum, heilsugæsluritarar í 1 stöðugildi, fulltrúi í 0.7% stöðu og sérfræðilæknar í 1,8 stöðugildum yfirljósmóðir og yfirlæknir eru með skrifstofur sína á Heiluverndarstöðinni.

Á árinu var komið á stöðu vaktljósmóður. Hver ljósmóðir tekur vaktina hálfan dag og helstu verkefni vaktljósmóður eru: 1) að taka niður pantanir í 1. skoðun; 2) yfirfara rannsóknarniðurstöður og gera viðeigandi ráðstafanir vegna þeirra; 3) svara símtölum kvenna á meðgöngu og greiða úr vandamálum á viðeigandi hátt; 4) framkvæma aukaskoðanir á meðgöngu ef þörf er á.

Framkvæmdir við endanlegt húsnæði á fyrstu hæð Heiluverndarstöðvarinnar standa yfir.

## Skráð samskipti 2000

Heildarkomur á Miðstöð mæðraverndar .....	22.000
Fyrstu komur:	
Heiluverndarstöð .....	767
Göngudeild Kvinnad. ....	1033
Almennar komur:	
Heiluverndarstöð. ....	8.045
Göngudeild Kvinnad. ....	11.122
Foreldrafræðslunámskeið.....	20

## Ársverk 2000

Læknar .....	1.73
Ljósmæður .....	11.93
Móttökuritarar og aðrir .....	4.85
Ræstitæknar.....	0.61
<b>Ársverk alls.....</b>	<b>19.12</b>

Auk þess komu nokkrir starfsmenn á Landspítala-háskólasjúkrahúsi að starfsemi Miðstöðvarinnar.

## Skólatannlækningar

### Um deildina:

**Yfirtannlæknir:** Stefán Finnbogason.

**Deildarstjóri:** Guðrún Hjaltadóttir

**Starfsemi:** Deildin annast tannlæknaþjónustu, flúorskolun og tannfræðslu fyrir grunnskólabörn.

**Þjónustusvæði:** Reykjavík

### Helstu tíðindi 2000

Tíu skólatannlækningar, 17 tanntækningar og 1 tannfræðingur störfuðu að skólatannlækningum á árinu. Fjórir tanntækningar unnu eingöngu við flúorskolun en þrjár tanntækningar eingöngu á tannlækningastofum. Aðrir tanntækningar unnu bæði á stofum og við flúorskolun. Hrafnhildur Pétursdóttir tannfræðingur annaðist fræðslu um tennur og tannvernd hjá 6, 8, 10, 12 og 15 ára aldurshópum eins og áður.

Á árinu hættu 3 tannlækningar og tvær tannlækningastofur voru lagðar niður. Það eru miklar breytingar framundan en skólaárið 2001-2002 verða einungis 4 tannlækningastofur starfræktar og starfsemin verður að mestu leyti fræðsla og flúorskolun.

Skoðaðir voru 2903 einstaklingar á árinu eða 19,23% grunnskólanemenda í Reykjavík. Tannáta virðist enn minka. Fleiri hafa allar tennur heilar og færri eru með mjög slæmar tennur.

Nemendur voru flokkaðir eins og áður í fjóra hópa eftir ástandi tanna.

Hópur A: Allar tennur heilar og óviðgerðar 43%

Hópur B: 1-5 skemmdir/fylltir fletir fullorðins-og barnatanna 42%

Hópur C: 6-15 skemmdir/fylltir fletir fullorðins-og barnatanna 13%

Hópur D: 16 eða fleiri skemmdir/fylltir fletir fullorðins-og barnat. 2%

### Skráð samskipti 2000

Fjöldi skoðaðra nemanda ..... 2903

#### Algengustu aðgerðarliðir

Röntgenmyndataka ..... 5190

Flúormedferð..... 4119

Skorufyllingar ..... 3507

### Ársverk 2000

Ársverk alls..... 16.23

## **Lungna- og berklavarnadeild**

### **Um deildina**

**Yfirlæknir:** Þorsteinn Blöndal

**Hjúkrunardeildarstjóri:** Dagmar Jónsdóttir

**Þjónustusvæði:** Starfar á landsvísu

**Hlutverk:**

1. Berklavarnir og berklaskrá
2. Sinna greiningu og meðferð berklaveikra og hafa þar eftirlit
3. Heilbrigðisskoðun innflytjenda
4. Sinna forvörnum lungnasjúkdóma

### **Helstu tíðindi 2000**

Deildin er að hálfu Íslands þátttakandi í samstarfsverkefni Norðurlanda og Eystrasaltslanda gegn berklum (No Baltic TB Project). Reiknað er með að það taki 5 ár og ljúki 2004. Verkefnið hófst fyrir alvöru með skipulagsvinnu og kennslu á árinu 2000.

Staða hjúkrunardeildarstjóra á Lungna- og berklavarndardeild var lögð niður um áramót 2000/2001, a.m.k. til reynslu í sex mánuði.

### **Skráð samskipti 2000**

Fjöldi einstaklinga.....	2185
Berklaveikir á landinu (virkir berklar).....	13
Berklasmitun (þar á meðal nýsmitaðir).....	693
Innflytjendur .....	1016

### **Ársverk 2000**

Læknar .....	1.20
Hjúkrunarfræðingar.....	1.00
Sjúkraþjálfarar.....	0.40
Geislafræðingar.....	1.13
Lækna- og móttökuritarar .....	2.36
Ræstitæknar.....	0.31
<b>Ársverk alls.....</b>	<b>6.40</b>

## **Deild atvinnusjúkdóma og ónæmisvarna**

### **Um deildina**

**Yfirlæknir:** Helgi Guðbergsson

**Starfssvið:** Atvinnusjúkdómavarnir, starfsmannaheilsuvernd, umhverfis-sjúkdómavarnir og sóttvarnir.

### **Helstu tíðindi 2000**

Á árinu var eftirfarandi starfsemi á deildinni:

1. Heilsuvernd starfsmanna í fyrirtækjum og stofnunum.
2. Hóprannsóknir og áhættumat starfsgreina og vinnustaða.
3. Áhættumat einstaklinga m.t.t. starfs og læknisskoðun vegna atvinnuréttinda.
4. Greining atvinnusjúkdóma og umhverfissjúkdóma.
5. Ráðgjöf til starfsfólks heilsugæslu vegna sóttvarna, þ.m.t. vegna bólusetninga, ferðalaga o.s.frv.
6. Almenn upplýsinga- og fræðslu- og ráðgjafarstarfsemi um ofangreinda þætti.
7. Þátttaka í innlendum og erlendum samstarfsverkefnum.

### **Skráð samskipti 2000**

Eftirtaldar starfsgreinar og hópar (afrúnnaðar tölur) nutu þjónustu deildarinnar árið 2000 (sbr. lið 1 – 4 að ofan):

Slökkviliðsmenn (þar af sjúkafarar 30).....	130
Starfsmenn líftæknifyrirtækja .....	300
Starfsmenn á tannlæknastofum, apótekum o.fl.	30
Starfsmenn í endurvinnslu, spilliefnum o.fl...	60
Starfsmenn hátæknifyrirtækja og fyrirtækja með mikil ferðalög til útlanda .....	40
Atvinnukafarar .....	20
Starfsmenn í ýmsum öðrum atvinnugreinum.	30
<b>Samtals u.þ.b. ....</b>	<b>610</b>

### **Ársverk 2000**

Læknar .....	0.50
Hjúkrunarfræðingar.....	0.18
Ritarar .....	0.50
<b>Ársverk alls.....</b>	<b>1.18</b>

## Heilsugæsla í skólum

### Um deildina

**Deildarstjóri:** Sigrún Barkardóttir

**Starfsvið:** Skólaheilsugæsla í hverfi þar sem ekki er heilsugæslustöð

**Skólar í umsjón deildarinnar:** Langholtsskóli og Vogaskóli

### Helstu tíðindi skólaárið 1999-2000

Starfsemin þetta skólaár skiptist í 4 þætti:

1. Líkamlegar skoðanir og bólusetningar, sem m.a. fólu í sér sjón- og heyrnarpróf, mælingu á hæð og þyngd, mótefnamælingu gegn rauðum hundum og læknisskoðun
2. Fræðsla fyrir einstaklinga og hópa
3. Stuðningsviðtöl og annar sálfélagslegur stuðningur
4. Nefndarstörf, m.a. nemendaverndarráðsfundir

Líkamlegar skoðanir og bólusetningar byrjuðu í lok september og lauk í lok maí. Fræðsla var veitt jafnt og þétt yfir veturinn. Fundarseta tók mikinn tíma þetta skólaárið og kom það niður á viðveru hjúkrunarfræðings í skólunum en það má m.a. sjá á að færri nemendur komu ótilkvaddir til hjúkrunarfræðings nú en s.l. skólaár.

Skólahjúkrunarfræðingar og námsráðgjafar beggja skólanna útbjuggu leiðbeiningamöppu um áfallahjálp fyrir skólana. Í þeirri möppu eru leiðbeiningar fyrir skólastjórnendur og og kennara hvernig bregðast eigi við þegar nemandi/ur veikist illa eða fellur frá, hvernig skólinn og nemendu koma að jarðarförinni og áframhaldandi aðstoð/áfallahjálp.

### Ársverk 2000

Hjúkrunarfræðingar .....	1.33
Rítarar .....	0.46
<b>Ársverk alls.....</b>	<b>1.79</b>

### Skráð samskipti skólaárið 1999-2000

#### Langholtsskóli

Fjöldi nemenda.....	523
Komur til hjúkrunarfræðings .....	953
Tilkvaddar komur.....	399
Ótilkvaddar komur .....	554

#### Vogaskóli

Fjöldi nemenda.....	365
Komur til hjúkrunarfræðings .....	576
Tilkvaddar komur.....	360
Ótilkvaddar komur .....	216



## Rannsóknarstofa

### Um deildina

**Meinataeknir:** Þórdís Þormóðsdóttir

**Starfsvið:** Rannsóknarstofan þjónar hinum ýmsu deildum Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur: Mæðradeild, Barnadeild, Lungna- og berklavarnadeild, Atvinnusjúkdómadeild og Heilsugæslu í skólum.

**Rannsóknir sem unnar eru á stofunni:** Blóðhagur, sökk, deilitalning í blóðstroki, blóðsykur í háráðablóði, almenn skoðun og smásjárskoðun á þvagsýnum og þungunarpróf. Auk þess er blóð dregið og skilið niður og sent á aðrar rannsóknarstofur eftir þörfum. Einnig les meinataeknir af uricultræktunum úr þvagi á mæðradeild.

### Ársverk 2000

Meinataeknar .....	1.00
Meinataeknanemar.....	0.14
<b>Ársverk alls.....</b>	<b>1.14</b>

### Skráð samskipti 2000

#### Fjöldi heimsókna á rannsóknarstofuna

Mæðradeild .....	2633
Atvinnusjúkdómadeild.....	118
Lungna- og berklavarnardeild.....	1003
Barnadeild.....	16
Heilsugæsla í skólum .....	365
Annað.....	10
<b>Samtals.....</b>	<b>4145</b>
Sýni, tekin og send annað .....	2543

## Rekstraryfirlit Heilsuverndarstöðvar og stjórnsýslu

### Tekjur

Seld þjónusta.....	12.786.199
Ýmsar tekjur.....	<u>12.106.858</u>
<b>Tekjur alls</b>	<u>24.893.057</u>

### Gjöld

Launagjöld .....	295.802.420
Lyf og hjúkrunarvörur.....	8.918.825
Risna, gjafir, námskeið .....	4.656.906
Ferða-, flutningskostnaður og akstur .....	8.912.792
Sérfræðiþjónusta og ýmis þjónusta.....	68.766.918
Húsnæðiskostnaður .....	5.006.549
Annar rekstrarkostnaður.....	<u>20.020.291</u>
<b>Rekstrargjöld samtals.</b>	412.084.701
Eignakaup .....	<u>15.427.361</u>
<b>Gjöld alls</b>	<u>427.512.062</u>

## Heilsugæslustöðin í Árbæ

Hraunbæ 102d - 102e, 110 Reykjavík

### Um heilsugæslustöðina

**Yfirlæknir:** Gunnar Ingi Gunnarsson

**Hjúkrunarforstjóri:** Ingibjörg Sigmundsdóttir

**Íbúafjöldi á þjónustusvæði 1. desember 2000:** 8.865

**Þjónustusvæðið:** Árbær, Selás og Ártúnsholt

**Skólar í umsjón stöðvarinnar:** Árbæjarskóli, Ártúnsskóli, Selásskóli

### Helstu tíðindi 2000

Hjúkrunarfræðingar við Heilsugæslustöðina í Árbæ hafa unnið að þróun námskeiða fyrir foreldra barna á ýmsum aldursskeiðum. Fyrsta námskeiðið, Lengi býr að fyrstu gerð, var haldið vorið 2000 og var í fyrstu miðað við foreldra 6 mánaða barna en við endurskoðun var ákveðið að miða það námskeið frekar við foreldra 2 ára barna þar sem þá er nokkur tíma á milli heimsókna í hefðbundna ungbarnavernd

Markmiðið er að gefa foreldrum barna á svæði Heilsugæslustöðvarinnar í Árbæ kost á að sækja námskeið sem styrkir þá í hlutverki sínu sem uppalandur og að hjálpa foreldrum að finna leiðir til að styrkja sjálfsmynd barna sinna. Einnig að foreldrar þekki þau úrræði sem í boði eru ef barn er í vanda og að foreldrar viti að hjúkrunarfræðingur og annað starfsfólk á heilsugæslustöðinni er til staðar þegar þeir þurfa á því að halda.

Átján starfsmenn stöðvarinnar fóru í kynnisferð til Halifax í nóvember í tveimur hópum. Þar voru heimsóttar og skoðaðar tvær heilsugæslustöðvar sem eru í samstarfi við Háskólann í Halifax, Kanada.

### Skráð samskipti 2000

